

## 62.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

62.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 8.febrúar 2016 og hófst kl. 19,30. Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Gry Ek og Ása Ólafsdóttir. Sturla Ólafsson boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda samþykktir.
2. Landsliðsmál.  
Farið yfir endurskoðaða áætlun. Hún samþykkt.
3. Skuldir félaga og einstaklinga við KRAFT.  
Búið er að taka saman yfirlit yfir útistandandi skuldir. Farið verður í að innheimta þær, en keppandi hefur ekki keppnisrétt nema vera skuldlaus við sambandið.  
Ása semur bréf sem verður sent hlutaðeigendum.
4. Fundur með Afrekssjóði.  
Kári hefur fundað með Afrekssjóði. Sjóðurinn óskar eftir skýrara yfirlit yfir útgjöld vegna keppnisferða. Stjórnin telur nauðsynlegt að móta reglur um að ferða- og hótelpantanir verða gerðir af sambandinu og að þetta komi inn í landsliðssamning næsta árs.
5. Sátt í máli KFA gegn stjórn Kraftlyftingasambands Íslands.  
2.febrúar sl var þinghald í máli 1/2016 fyrir Dómstól ÍSÍ. Málinu lauk með eftirfarandi sátt: *Kærandi og kærði gera með sér sátt þess efnis að Kærði, Kraftlyftingasamband Íslands muni boða til Kraftlyftingabings svo fljótt sem verða má og að þingið verði haldið eigi síðar en 13.mars nk með þeim fyrirvara að þingið samþykki frávik frá 17.gr.laga sambandsins um tímamörk á skipan uppstillingarnefndar. Kærandi dregur hér með kærú sína til baka.*  
Stjórnin þakkaði Ásu Ólafsdóttur og Sigurjóni Péturssyni fyrir þeirra vinnu við málið.
6. Kraftlyftingabing  
Ákveðið að boða til kraftlyftingabings 12.mars nk kl. 12:00 í Laugardal. Skýrslur og reikningar í vinnslu.  
Stjórnin ákvað að leggja fram tillögu að breytingu á 14. og 15. grein laga KRAFT. Ása orðar tillögunu.
7. RIG 2016  
Rætt um framkvæmd mótsins og það sem betur hefði mátt fara. Stjórnin hefur áhuga á að taka þátt í RIG 2017 með svipuðu sniði og telur æskilegt að hafa áfram samstarf við LSÍ.
8. Breytingar á mótaskrá.  
Upplýst var að byrjendamót og dómarapróf muni fara fram í Njarðvíkum 6.mars nk. Ástæða breytt dagsetnings er að erfiðlega gekk að finna mótshaldara og Massi tók mótið að sér með skömmum fyrirvara. Stjórnin þakkaði kraftlyftingadeild Massa fyrir.  
Stjórnin samþykkti tillögu mótanefndar um að færa Bikarmótið í klassískum kraftlyftingum aftur um viku, til 30.apríl. Ástæða er beiðni frá mótshaldara, Kraftlyftingadeild Gróttu.

## 62.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

9. Agamál.  
Ása skoða forsendur þess að leggja fram kærur til aganefndar KRAFT vegna tilraunar félagsþjálfara til að ganga fram hjá löglegri stjórn sambandsins í samskiptum við EPF.
10. Önnur mál.  
Ákveðið að taka saman þær lyftingagræjur sem enn eru í eigu sambandsins og koma þeim i verð.  
Ákveðið að sambandið beri áfram kostnað af sendingu búnaðar vegna mótahalds utan Reykjavíkur.  
Ákveðið að láta gera heiðursmerki KRAFT.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 21.30  
Fundarritari Gry Ek